

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, Suðurstrandarvegur og efnistökusvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Lega Suðurstrandarvegur færir til norðurs nær núverandi vegstæði um Leggjarbrjótshraun og norðan fornleifa í Öbrennishólma.
2. Tengingar við aðliggjandi vegi breytast í samræmi við nýja veglínu.
3. Gert er ráð fyrir þremur efnistökusvæðum til tímabundinna nota í tengslum við lagningu Suðurstrandarvegur: svæði norðan við og milli Slaga og Skála-Mælifells í Leirdal (náma 4), svæði milli Latsfjalls og Latshóla (náma 5) og nýtt svæði norðan Sýslusteins í Geitahlíð (náma 9).
4. Stofnbraut frá Vigdísarvallavegi (nr. 428) að Krýsuvíkurvegi (nr. 42) fellur brott.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 31. ágúst 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.